

Miðvikudaginn 26. febrúar, kl. 15:00

Austurstræti 5, 101 Reykjavík

Mættir eru: Ásdís Spanó, formaður myndlistarráðs, Anna Jóhannsdóttir, (Listasafn Íslands), Margrét Elísabet Ólafsdóttir (Listfræðafélag Íslands), Katrín Elvarsdóttir (SÍM) og Hlynur Helgason (SÍM).

Fundargerð:

1. Fundargerð síðasta fundar
 - Fundargerð frá 13. janúar 2025 samþykkt.
2. Myndlistarsjóður, útistandandi styrkir og greinargerðir
 - Tinna kynnir yfirlit frá 2021-2024 um útistandandi styrki og greinargerðir. Nokkrir styrkþegar frá 2012-2023 hafa ekki skilað greinargerð fyrir styrk og sendu inn umsókn í vorúthlutun 2025. **Myndlistarráð ákveður að veita þessum aðilum frest til að skila greinargerð til 6. mars, að öðrum kosti fá umsóknir frá þeim ekki afgreiðslu.** Tinna mun senda þeim bréf.
 - Frá árinu 2022 er einn styrkur sem hefur ekki verið óskað eftir. **Myndlistarráð ákveður að fyrna styrkinn.**
 - Rætt um að undirstrika reglurnar fyrir skil á greinargerðum fyrir næstu úthlutun og skoða hugbúnaðalausnir fyrir gagnagrunn um úthlutanir.
3. Myndlistarsjóður, vorúthlutun 2025
 - Tinna greinir frá því að almennt hafi umsóknarlotan gengið vel fyrir sig. Haldnar voru nokkrar fjarvinnustofur fyrir umsækjendur og þær voru vel sóttar. Um helgina höfðu sjö aðilar samband og voru í vandræðum að tengjast gegnum auðkenni en náðu að skila inn umsókn. Rætt um að færa umsóknarfrest yfir á þriðjudag í stað mánudags, þannig að álag á tölvukerfinu sé á virkum degi en ekki um helgi.
 - Alls bárust 253 umsóknir og sótt var um styrk fyrir 285.200.000 kr.

Umsóknir alls	Flokkar	Samtals sótt um	%
45	Útgáfu-, rannsóknar- og aðrir styrkir	54.900.000	19%
45	Undirbúningsstyrkir	51.300.000	18%
163	Sýningarverkefni	179.000.000	63%
253		285.200.000	100%

- Myndlistarráð samþykkir að skipta fjármagni á eftirfarandi máta:
 - Útgáfu-, rannsóknar- og aðrir styrkir 7.000.000 kr.
 - Undirbúningsstyrkir 5.500.000 kr.
 - Sýningarverkefni 25.500.000 kr.
- Ákveðið að tveir meðlimir myndlistarráðs muni sitja í hvorri matsnefnd. Anna Jóhannsdóttir og Hlynur Helgason sitja í matsnefnd fyrir undirbúningsstyrki

og útgáfu-, rannsóknar og aðra styrki. Margrét Elísabet og Katrín Elvarsdóttir munu sitja í matsnefnd fyrir sýningarstyrki. Gestir í matsnefnd verða Heiðar Kári Rannversson og Starkaður Sigurðarson. Tinna mun bóka alla á kynningarfund og koma ferlinu af stað.

- Ákveðið að matsnefndir muni klára yfirferð föstudaginn 28. mars og næsti fundur myndlistarráðs verði þriðjudaginn 1. apríl. Svarbréf verða send út 3. apríl.
- Úthlutunarathöfn 10. apríl. Hægt er að halda athöfnina í fjölnotarýminu að Austurstræti 5. Myndlistarráð ákveður að láta útbúa afhendingarskjöl fyrir styrkþega og bakgrunn fyrir ljósmyndatöku. Einnig ákveðið að hefja athöfn kl 16:00.

4. Íslensku myndlistarverðlaunin 2025

- Tinna og Auður greina frá stöðunni á undirbúningi við athöfnina. Skipulagning er vel á veg komin. Tilkynnt verður hverjir eru tilnefndir 6. mars og athöfnin fer fram 20. mars í lðnó.
- Skipan í dómnefnd 2025. Tilnefningaraðilar hafa skilað inn tillögum. Tinna mun hafa samband við nýja dómnefnd og boða til fyrsta fundar.

5. Vinnufundur Listskreytingasjóðs

- Myndlistarráði barst beiðni um fulltrúa úr ráðinu á vinnufund Listskeytingasjóðs 18. mars. Ákveðið að formaður Ásdís fari fyrir hönd ráðsins.

6. Önnur mál

- Tinna leggur fram tölfræði um myndlistarsjóð frá 2012-2024. Myndlistarráð ákveður birta tölfræðina á vefsíðu sjóðsins. Tinna mun láta hanna framsetningu á upplýsingunum og setja á vefsíðuna.

Fundi slitið 16:58

Næsti fundur verður haldinn þriðjudaginn 1. apríl 2025 kl. 15:00.